

SKULDABRÉF

Ísafjarðarbær, kt.540596-2639, Stjórnsýsluhúsinu, 400 Ísafirði, gjörir kunnugt, að sveitarfélagið skuldar Ofanflóðasjóði kt. 470394-2189, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík, kr. **61.000.000,-- Sextíu og eina milljón króna.**

Lán þetta er til 15 ára og er veitt sbr. 13. gr. laga nr. 49/1997. Lánið ber 5,5% fasta ársvexti og reiknast þeir frá 1. ágúst 2019. Gjaldldagi lánsins er 1. maí ár hvert og í fyrsta skipti 1. maí árið 2020. Þó skal endurgreiðsla af láninu, þar með taldir vextir og verðbætur, aldrei nema hærri fjárhæð á ári hverju en nemur 1% af höfuðstól lánsins, ásamt vöxtum og verðbótum, að viðbættum 0,15% af álagningarstofni fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitafélaginu og 50% af hreinum tekjum sveitarfélags vegna sölu eða leigu á eignum sem það hefur eignast skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 49/1997. Það sem eftir kann að standa af láninu að liðnum lánstíma skal falla niður. Sveitarfélag skal senda til uppgjörssviðs Fjársýslu ríkisins staðfesta reikninga frá sveitarfélagi um stofn til álagningar fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði í sveitafélaginu og upphæð hreinna tekna sveitarfélags af sölu eða leigu á eignum, sem það hefur eignast skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 49/1997, fyrir 1. apríl ár hvert. Ef umbeðnar upplýsingar frá sveitarfélagi berast ekki innan þess tíma skal endurgreiðsla lánsins vera án ofangreindra takmarkana.

Verði ekki staðið í skilum með greiðslu afborgana, vaxta og verðbóta á réttum gjaldldögum, skal greiða hæstu lögleyfðu dráttarvexti af vanskilaskuldinni. Jafnframt er kröfuhafa heimilt ef vanskil eru veruleg, en með verulegum vanskilum er átt við 15 daga vanskil eða lengri, að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvararlaust og án sérstakrar uppsagnar.

Lánið er verðtryggt með vísitölu neysluverðs til verðtryggingar, samkvæmt lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, með síðari breytingum. Það tekur breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá grunnvísitölu þessa skuldabréfs í júlí 2019, sem er 468,0 stig, til gildandi vísitölu á gjalddaga eða greiðsludegi.

Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Greiðslustaður er ríkisfjárhirsla, Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík, eða skv. nánari ákvörðun hennar.

Ísafjörður, júlí 2019.

f.h. Ísafjarðarbæjar

Vitundarvottar: